

Umsækjandi: Ágúst Marinó Ágústsson

Verkefni: Sögun stórrjáa á reka

Upphæð styrks: 400.000 kr.

Til stendur að kaupa sérstaka sög til að fletta stórum trjám eftir endilöngu. Helst kemur til greina að kaupa keðjusög frá Logosol í Svíþjóð. Sú er nokkuð stærri en þær sem fánlegar eru á Íslandi og eingöngu ætluð til að saga tré sem eru 60-70 cm að þvermáli niður í 2ja til 3ja tommu blokkir. Þær eru mjög eftirsóttar í borðplötusmíðar og eru nokkuð verðmætar því lítið er um úrræði til að saga þessi stærstu tré á Íslandi. Ekkert hefur verið auglýst en eftirspurn er þónokkur og nokkrir á biðlista.

Umsækjandi: Akureyrarkaupstaður

Verkefni: Sköpun utan línulegrar dagskrár – Rafrænar listasmiðjur

Upphæð styrks: 400.000 kr.

Verkefnið felst í að bjóða börnum að taka þátt í rafrænni listasmiðju á vegum Listasafnsins á Akureyri. Smiðjan verður tekin upp á safninu og sýnd á netinu, þannig geta börn horft á smiðjurnar heima hjá sér og unnið verk sín í samvinnu við sína nánustu. Þeir listamenn sem leiða smiðjurnar eiga það sameiginlegt að hafa metnað til að vinna með börnum spennandi og áhugaverð verkefni. Þá er lögð áhersla á að börn fái tækifæri til að sýna afraksturinn á sýningu sem sett verður upp í Listasafninu.

Umsækjandi: Alþýðuhúsið á Siglufirði, félagasamtök

Verkefni: Menningarstarf í Alþýðuhúsinu á Siglufirði 2021

Upphæð styrks: 2.000.000 kr.

Alþýðuhúsið á Siglufirði stendur fyrir fjölbættri menningardagskrá á árs grundvelli. Þar eru settar upp 10 alþjóðlegar myndlistasýningar í Kompunni á ári með áherslu á reynda og viðurkennda listamenn í bland við framúrskarandi grasrót. Sunnudagskaffi með skapandi fólki eru klukkutíma erindi sem haldin eru níu sinnum á ári og þrisvar á ári er efnt til fjölmennra listasmiðja í Alþýðuhúsinu. Auk stakra tónleika, fyrirlestra og fjöllistasýninga fara fram fjórar stórar menningarhátíðir árið 2021.

Umsækjandi: Amtbókasafnið á Akureyri

Verkefni: Ungskáld 2021

Upphæð styrks: 800.000 kr.

Verkefnið Ungskáld hefur þann tilgang að veita ungu skapandi fólki á aldrinum 16-25 ára búsettu á Akureyri, í Fjallabyggð, í Norðurþingi og Þingeyjarsveit kost á að taka þátt í áhugaverðum ritlistaviðburðum svo sem ritlistasmiðju og keppni, ritlistakvöldi og sýningu á Norðurlandi eystra. Þessu verkefni er ætlað að styrkja og auka sýnileika ungs fólks sem stundar skapandi skrif, stækka tengslanet þeirra og auka líkur á atvinnutækifærum í ritlist. Öll þátttaka er án endurgjalds og því hvatning til að taka þátt.

Umsækjandi: Anna María Richardsdóttir

Verkefni: Kaka fyrir þig

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Gjörningalistakonan Anna Richardsdóttir mun sýna frumsamda dansgjörningastuttmynd tekna upp á eyðibýlum í Eyjafirði. Við frumsýningu kvikmyndarinnar verður fluttur frumsaminn gjörningur. Verkin verða flutt á A! og eftir flutninginn má sjá myndbandið sem sjálfstætt verk út alla hátíðina.

Umsækjandi: Árni Þór Theodórsson

Verkefni: Meira helvíti, meira pönk

Upphæð styrks: 300.000 kr.

Hlaðvarpsþættirnir Meira helvíti, meira pönk eru framleiddir af hlaðvarpssamsteypunni Hljóðkirkjunni í samstarfi við Árna Þór Theodórsson framleiðanda. Þættirnir þræða tónlistarsögu rokkbæjarins Húsavíkur, þá aðallega rokk og pönksöguna og fara yfir helstu hljómsveitir og tónlistarmenn sem spruttu upp á svæðinu og svo það sem þessi saga hefur gefið af sér, allt frá Greifunum til Skálmaldar. Við tölum við bæði fræðimenn og þá sem hafa verið hvað mest innvinklaðir í þessu merkilegu sögu.

Umsækjandi: Björn Grétar Baldursson

Verkefni: Hrísey Eimingarhús

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Hrísey Eimingarhús er fyrirtæki sem mun sérhæfa sig í gin- og viskígerð. Með aðsetur sitt út í Hrísey gefur það fyrirtækinu sérkenni sem bæði fyrsta eimingarhús á Norðurlandi sem þar hvergi er eyjavíski bruggað norðar í heiminum. Hrísey Eimingarhús mun nýta auðlindir eyjunnar í starfsemi sinni þar á meðal nýta njóla og hvönn í gin, heita vatnið við framleiðslu og svo mun náttúran hafa mikil áhrif á þroska viskísins.

Umsækjandi: Brynhildur Kristinsdóttir

Verkefni: Listasmiðja með strætó

Upphæð styrks: 700.000 kr.

Listasmiðjur í gerð handbrúða og brúðuleikhúss. Í þessum smiðjum er unnið með fjölbreyttar aðferðir og efni þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Verkefnið er hugsað fyrir börn á aldrinum 7-12 ára. Verkefnin byggja á grundvallaratriðum sjónlista þar sem unnið er með tvívítt og þrívítt form, liti, áferð, ljós og skugga. Einnig munu nemendur kynnast töfrum leikhússins og fá að búa til einfalda leikmynd fyrir brúðurnar.

Umsækjandi: Daniele Basini

Verkefni: Ennio Morricone – In Memoriam

Upphæð styrks: 600.000 kr.

Daniele Basini, Jón Þorsteinn Reynisson og Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir, öll búsett á Akureyri, flytja tónlist kvikmyndatónskáldsins ástsæla Ennios Morricone í Hofi á Akureyri, Bergi á Dalvík og á Síldarsafninu á Siglufirði, en tónlistin er öll útsett af Daniele Basini fyrir kammersveit.



STYRKÞEGAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRÁ 2021

Umsækjandi: Eiki Helgason ehf.

Verkefni: Braggaparkið

Upphæð styrks: 700.000 kr.

Markmiðið er að bjóða uppá í fyrsta skipti á Norðurlandi regluleg námskeið á hjólabrettum og hlaupahjólum fyrir krakka og fullorðna frá 6 ára og eldri. Planið er að hafa þrjár tegundir af námskeiðum: byrjendanámskeið, stelpunámskeið og svo námskeið sem er breytilegt.

Skipt verður á milli hjólabretta og hlaupahjóla hvern mánuð og er hvert námskeið 2 dagar; á laugardags- og sunnudagsmorgnum á milli kl. 9.00 - 12.00 og verða 2 til 3 þjálfarar (fer eftir fjölda þátttakanda hverju sinni).

Umsækjandi: Einar Guðmann

Verkefni: Photographing The North

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Framleidd verður 12 þátta myndbandasería á ensku sem fjallar um landslags- og náttúrulífsljósmyndun á Norðurlandi eystra. Þættirnir sem leggja áherslu á fróðleik um staðhætti, aðferðir og öryggismál byggjast á bókinni „Photographing Iceland - A photo guide to 100 locations“. Höfundum er fylgt eftir þar sem þeir sinna ljósmyndun og myndbandagerð landslags og dýralífs. Þættirnir verða birtir á rásinni Photographing Iceland á YouTube.

Umsækjandi: Elín Kristbjörg Sigurðardóttir

Verkefni: HÉRNA – staðbundin matvara

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Verkefnið H É R N A lýtur að því að byggja upp lítið kaffihús á Húsavík með áherslu á sjálfbærni, vinnslu úr staðbundnu hráefni úr héraði og að vinna það sem mest frá grunni. Einnig lýtur verkefnið að því að þróa nýjar vörur úr útlitsgölluðu og öðru lítt nothæfu grænmeti, og þar með nýta hráefni sem annars færi til spillis. Þessar vörur verða notaðar á kaffihúsinu sem og til sölu fyrir gesti og gangandi.

Umsækjandi: Erlent ehf.

Verkefni: Gjaldeyrissköpun við nýjar lausnir í úrvinnslu á fiskroði

Upphæð styrks: 1.500.000 kr.

Erlent ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnslu og sölu á fiskroði sem nýtt er í gæludýrafóður. Stefnt er að þróa nýja vinnslutækni og framleiða nýjar afurðir úr hráefni sem í dag er nær verðlaust og verður það viðbót við þær 20 vörutegundir sem framleiddar eru í dag og allar seldar eingöngu erlendis.

Umsækjandi: Félag um Ljóðasetur Íslands

Verkefni: Rekstur Ljóðaseturs Íslands

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Markmið Ljóðaseturs Íslands er að kynna íslenska ljóðlist með lifandi hætti og að gera komandi kynslóðir meðvitaðar um mikilvægi ljóðlistar í menningu okkar og sögu. Ljóðasetrið er opið yfir sumartímamann, á öðrum tímum árs er tekið á móti hópum með fræðslu,

STYRKÞEGAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRÁ 2021

Ljóðalestri, söng og kveðskap og haldnir stakir viðburðir. Yfir sumartímam eru lifandi viðburðir alla daga. Helstu skáld landsins hafa komið fram á setrinu auk fjölda heimafólks. Ýmsir munir og myndir eru til sýnis sem og stórt ljóðabókasafn.

Umsækjandi: Félag um Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar

Verkefni: Þjóðlagasetrið á Siglufirði 2021

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Þjóðlagasetrið á Siglufirði er í Maðddömuhúsinu, elsta húsi Siglufjarðar. Í því bjó Bjarni Þorsteinsson og safnaði efni í bók sína, Íslensk þjóðlög. Þjóðlagasetrið opnar heim íslenskra þjóðlaga fyrir gestum sínum. Þar er hægt að horfa á fólk allsstaðar að af landinu á öllum aldri syngja og kveða, leika á gömul íslensk hljóðfæri og dansa vikivaka. Þá gefst gestum færi á að leika á forn hljóðfæri, smíða þau og taka lagið. Eyjólfur Eyjólfsson söngvari tekur á móti gestum sumarið 2021.

Umsækjandi: Ferðafélag Akureyrar

Verkefni: Út um holt og hæðir

Upphæð styrks: 1.500.000 kr.

Mikilvægt er að koma á samræmdu kerfi útivistarleiða í Eyjafirði. Samstarfsaðilar umsóknarinnar munu vinna að samræmdum merkingum og merkingarkerfi fyrir fjölbreytta útivist á svæðinu. Verkefnið felst í hönnun merkinga og upplýsingaskilta auk þess að merkja útivistarleiðir í firðinum. Annað mikilvægt atriði er að tengja vinsælar gönguleiðir í firðinum. Verkefninu verður áfangaskipt með það að markmiði að fjölga leiðum í framhaldinu og ná til sem flestra sveitarfélaga og leiða í Eyjafirði.

Umsækjandi: Finnur Aðalbjörnsson

Verkefni: Náttúruböð í Eyjafirði

Upphæð styrks: 5.000.000 kr.

Verkefnið felst í undirbúningsvinnu vegna uppbyggingar náttúrubaða í Eyjafirði. Það felur í sér hönnun á mannvirkjum, breytinga á aðal- og deiliskipulagi ásamt öðrum undirbúningi fyrir slíka framkvæmd. Búið er að tryggja nýtingarrétt á vatninu og sveitarfélagið gefið vilýrði fyrir framgangi verkefnisins, m.a. í tengslum við skipulagsbreytingar. Hönnuðir, arkitektar, verktakar og aðrir hagsmunaaðilar eru tilbúnir að keyra verkefnið áfram af krafti og er stefnt að opnun um vorið 2022.

Umsækjandi: Flóra menningarhús ehf.

Verkefni: Pastel ritröð

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Pastel ritröð er samfélagsverkefni á sviði menningar, sem miðar að því að efla frumsköpun bókverka á Norðurlandi og miðlun þeirra til almennings. Verkefnið skapar vettvang sem liggur á milli sviðslista, tónlistar, myndlistar og ritlistar og endurspeglar þannig verkefnaval og starfssvið æ fleiri skapandi aðila í dag, þvert á listgreinar. Frumgerðir bókverka listmanna í upplagi 100 eintaka hvert, verða undirbúnar, prentaðar, verkum og listafólki komið á framfæri með kynningu og viðburðum.

Umsækjandi: Flygilvinir-tónlistarfélag við Öxarfjörð

Verkefni: Hvernig væri að hressa sig við með því að mæta á tónleika?

Upphæð styrks: 200.000 kr.

Verkefninu er ætlað að höfða til íbúa Öxarfjarðarhéraðs og veita þeim ánægjustundir við tónleikahald á Kópaskeri á vegum Flygilvina - tónlistarfélags við Öxarfjörð.

Markmið verkefnisins er að standa fyrir þremur viðburðum, fá framúrskarandi tónlistarfólk til að miðla íbúum Öxarfjarðarhéraðs af list sinni. Íbúarnir geta þannig öðlast innsýn í agnarsmátt brot af þeim töfraheimi tónlistar sem stendur íbúum höfuðborgarsvæðis og stærstu þéttbýliskjarnanna til boða.

Umsækjandi: Fræðafélag um forystufé

Verkefni: Fræðasetur um forystufé

Upphæð styrks: 750.000 kr.

Fræðasetur um forystufé er einstakt á heimsvísu. Forystufé er aðeins til á Íslandi og aðeins um 1400 hreinræktaðir einstaklingar. Þetta er ein af arfleifðum þjóðarinnar og ber að vernda þennan fjárstofn sem var viðurkenndur sem sér fjárstofn árið 2017. Fræðafélag um forystufé veitir upplýsingar um forystufé, heldur úti sýningu um það og stendur að varðveislu þess. Eitt af verkefnum Fræðasetursins er að standa að rannsóknum um forystufé og hafa þegar farið fram nokkrar rannsóknir.

Umsækjandi: Framfarafélag Öxarfjarðarhrepps

Verkefni: Gróðurhús í Öxarfjarðarhéraði- fjölnýting jarðhita

Upphæð styrks: 1.100.000 kr.

Náttúruauðlindir Öxarfjarðar eru fjölmargar. Ein merkasta auðlindin er „Sandurinn“, þá sérstaklega m.t.t. mikils jarðvarma og ferskvatns, auk víðlendis. Auðlindirnar í Sandinum eru vel þekktar og nýtingamöguleikar ættu að vera fjölmargir og fjölbreytilegir og þar eru spennandi sóknarfæri fyrir brothætt byggðarlag. Stefnt er að því að ráða verkefnisstjóra í hlutastarf í ársbyrjun 2021. Verkefnisstjóri verður með starfsstöð á Kópaskeri eða nágrannabyggðarlögum og mun leiða verkefnið áfram.

Umsækjandi: Geo Travel ehf.

Verkefni: Orkuskipti í afþreyingarferðaþjónustu í Mývatnssveit

Upphæð styrks: 700.000 kr.

Geo Travel nýtir sjálfbæra raforku úr heimabyggð í afþreyingarferðaþjónustu. Markmið verkefnisins er að undirbúa stofnun rafmagnssnjósleðaleigu í Mývatnssveit, gera vel ígrundaða viðskipta- og verkáætlun, ljúka grunnhönnun á nauðsynlegum innviðum vegna hleðslustöðva og nýta aðstoð sérfræðings við að velja hentugasta framleiðandann á markaði.

Umsækjandi: Gilfélagið

Verkefni: Graffíkverkstæði Gilfélagsins

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Gilfélagið á Akureyri mun setja upp opið graffíkverkstæði í Deiglunni, bæta sýningarrými og bjóða upp á lifandi fræðslu- og sýningardagskrá. Um er að ræða aðstöðu fyrir listafólk með áherslu á samstarf við grunn- og framhaldsskóla bæjarins. Gilfélagið hefur umsjón með Deiglunni og gestavinnustofu í sama húsi. Markmið félagsins er að efla menningar- og listalíf í bænum, auka tengsl almennings við listir og koma á samskiptum norðlenskra listamanna við innlenda og erlenda listamenn.

Umsækjandi: Guðbergur Egill Eyjólfsson

Verkefni: Daladýrð, vinnsla fræðsluefnis

Upphæð styrks: 550.000 kr.

Í Brúnagerði í Fnjóskadal er starfræktur húsdýragarðurinn Daladýrð þar sem hægt er að sjá flest þau húsdýr sem til eru á Íslandi. Fyrir þremur árum var gerð sýning um íslensku kindina og nú bætist við sýning um íslenska refinn. Þar verður hægt að sjá lifandi refi og fræðast um uppruna og sögu refsins á Íslandi.

Umsækjandi: Gunnar Jóhannesson

Verkefni: Nóttlaus voraldar veröld

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Ísland er óumdeilanlega jarðfræðilega merkilegt í mörgu tilliti, enda margt rannsakað, ritað og rætt í vísindalegum tilgangi. Þetta verkefni snýst um praktíska nálgun; að nýta tiltekna sérstöðu, að afla þekkingar og þróa og setja fram á einföldu máli fyrir sem flesta og tengja milli jarðfræði og veðurfarslegra aðstæðna yfir langan tíma. Tjörnes er hugsað sem kjarnasvæði í verkefninu, en það mun síðar ná yfir stærra svæði á Norðausturlandi.

Umsækjandi: Gunnlaugur Friðrik Friðriksson

Verkefni: Úr mjólk í vín úr nægtabrunni náttúrunnar

Upphæð styrks: 2.000.000 kr.

Markmiðið er að hefja lífræna drykkjarframleiðslu í Bárðardal þar sem Grasöl og Rabarbarafreyðivín eru þróuð í frumgerðir að framleiðsluvöru. Byggt er á staðbundinni þekkingu og hráefnum, sérfræðiþekkingu á sviði matvælafræða og hönnunar og vannýttur húsakostur virkjaður til að renna stoðum undir verkefnið. Alþjóðleg reynsla við að nýta upplýsingatækni og gervigreind verður yfirfærð til að styðja undir sjálfbæra nýtingu, rekjanleika og sveigjanleika í verkferlum drykkjarvöruframleiðslunnar.

Umsækjandi: Hafþór Gylfi Jónsson

Verkefni: Rannsóknar- og þróunarstyrkur vegna stórþaranýtingar

Upphæð styrks: 1.500.000 kr.

Úti fyrir Norðurlandi eru kjöraðstæður fyrir stórþara sem vex á klapparbotni á 5-25 metra dýpi. Í stórþaranum eru algínöt og önnur lífvirk efni sem eftirspurn er eftir á alþjóðlegum

STYRKÞEGAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRÁ 2021

mörkuðum, einkum í lyfja- og heilsugeiranum. Markmið þessa verkefnis er að halda áfram rannsóknum á útbreiðslu stórþarans ásamt þróun tækjabúnaðar sem tryggir rétta meðhöndlum og gæði. Með því verður hægt að tryggja sjálfbæra nýtingu á vannýtttri náttúruauðlind sem skapar störf og verðmæti í nærsamfélaginu.

Umsækjandi: Heimskautsgerði á Raufarhöfn

Verkefni: Að fanga sólarljósið

Upphæð styrks: 1.300.000 kr.

Uppbygging Heimskautsgerðis er komin að þeim tímapunkti að sjá fyrir fyrstu skref rekstrar. Með núverandi verkáfangi verður til fastur kostnaður sem kallar á öflun tekna. Heimskautsgerðið er rekið sem félagasamtök með megintilgang að halda utan um uppbyggingu á Melrakkaás og þróun heildarhugmyndarinnar. Markmiðið er nú að koma rekstri Heimskautsgerðis í varanlegt form með samstarfsaðilum og taka fyrstu skref í átt að sjálfbærum rekstri.

Umsækjandi: Helga Kvam

Verkefni: Fardagar

Upphæð styrks: 600.000 kr.

Tónleikaröð með íslenskri þjóðlagatónlist þar sem vel kunnug lög eru tekin og útsett upp á nýtt, ásamt glænýjum frumsömdum lögum þar sem sveitin og landið er í aðalhlutverki. Tónlistarflytjendur vinna sig saman í spuna og frumsköpun og samstarf verður náð í undirbúningsferli tónleikaraðarinnar. Reikna má með að vinnuferlið nái yfir nokkra mánuði á meðan þróun á tónlistinni stendur yfir. Farið verður með dagskránni í þrjú byggðalög á Norðurlandi eystra.

Umsækjandi: Hildur Ása Henrysdóttir

Verkefni: Röstin Gestavinnustofa

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Röstin er tilraunakennd gestavinnustofa fyrir listamenn á Þórshöfn á Langanesi. Gestavinnustofan verður haldin í fjórða sinn í lok júlí 2021. 8-10 listamönnum úr öllum áttum er boðin þátttaka og fá þeir gistingu og vinnuaðstöðu sér að kostnaðarlausu.

Röstin er vettvangur fyrir fjölbreyttan hóp listamanna til að njóta andrýmis, vinna að listsköpun sinni, kynnast öðrum listamönnum, samfélaginu á Langanesi og auðga bæjarlífið með uppákomum fyrir íbúa Langanesbyggðar.

Umsækjandi: Hjörleifur Hjartarson

Verkefni: Hvaðan koma fuglarnir? - sýning

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Fugasýning fyrir börn og fullorðna sem ætlað er að vekja athygli á fuglalífi í Friðlandi Svarfdæla og setja það í hnattrænt samhengi. Sýningin verður til húsa í fuglaskoðunarhúsi í Hríshöfða í miðju friðlandinu.

Umsækjandi: Hringleikur - sirkuslistafélag

Verkefni: Allra veðra von - sirkussýning og smíðjur á Norðurlandi eystra
Upphæð styrks: 400.000 kr.

Sirkuslistahópurinn Hringleikur ferðast um Norðurland eystra sumarið 2021 með nýjasta verk sitt, Allra veðra von. Sýningin er sýnd utandyra þar sem sirkuslistir, leikræn tjáning, náttúra og umhverfi spila saman og mynda einstaka upplifun áhorfanda. Opnar sirkussmíðjur verða kenndar í tengslum við sýninguna. Undanfarin ár hafa meðlimir Hringleiks staðið fyrir sýningum og smíðjum á landsbyggðinni og fundið fyrir meðbyr og áhuga fyrir aukinni sirkuslist víða um land.

Umsækjandi: MýSilica ehf.

Verkefni: Nýting á náttúruauðlind til verðmætasköpunar í Mývatnssveit
Upphæð styrks: 1.250.000 kr.

Markmið verkefnisins er að framleiða hágæða vörur unnar í Mývatnssveit, úr skiljuvatni við Bjarnarflag og mun það skila af sér sérhönnuðum og smíðuðum framleiðslubúnaði og nýjum húðvörum sem tilbúnar eru á markað, ásamt ítarlegri markaðsgreiningu.

Umsækjandi: Ingi Jóhann Friðjónsson

Verkefni: Opinn dagur í Gúlaginu 2021
Upphæð styrks: 300.000 kr.

Opinn dagur í Gúlaginu er tónlistarhátíð sem haldin verður í fjórða sinn árið 2021. Hátíðin fer fram í eða við æfingarhúsnæði hljómsveita á Oddeyri á Akureyri sem hátíðin er nefnd eftir. Meðlimir Gúlagsins og útgáfufélagsins MBS koma að skipulagningu hátíðarinnar ár hvert og leitast eftir að fá sem flesta unga listamenn frá Norðurlandi til að koma fram. Undanfarin þrjú ár hefur fjöldi tónlistarstefna verið sá sami og fjöldi atriða og verður áfram.

Umsækjandi: INNI Music ehf.

Verkefni: INNI Music
Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

INNI Music er fyrsta alþjóðlega Music Publishing fyrirtæki Íslands. Tilgangur þess er að auka veg þeirra tónlistarmanna sem eru samningsbundnir fyrirtækinu og halda utan um og innheimta tekjur af eignarrétti í tónlist þeirra (Music Publishing). Stofnendur og starfsteymi INNI Music hafa yfirgripsmikla reynslu á þessu sviði og stórt tengslanet sem mun nýtast við að koma höfundum félagsins og verkum þeirra á framfæri, ekki síst á sviði kvikmynda, sjónvarps og annarra miðla.

Umsækjandi: Janis Dzelme

Verkefni: Sælkerasveppa- og spírurækt
Upphæð styrks: 470.000 kr.

Ætlunin er að kanna fýsileika á sjálfbærri ræktun sælkerasveppa og spíra í litlu rými á Akureyri og nota til þess kaffikorg sem fellur til í kaffihúsum bæjarins, og/eða önnur efni frá svæðinu eins og bylgjupappa, hálm eða viðarsag frá trésmíðjum í bænum. Við vöxt sveppapráða myndast mikið magn koltvísýrings og rotmassa sem má svo nýta í spírurækt.

STYRKÞEGAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRÁ 2021

Slík framleiðsla myndi stuðla að endurnýtingu hráefna á svæðinu og skapa næringarrík og vistvæn matvæli.

Umsækjandi: Jenný Karlsdóttir

Verkefni: Rannsóknarstofa handverks með áherslu á útsaum

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Ítarleg greining handverkssafns Jennýjar Karlsdóttur með það að markmiði að heimildirnar sem þarna verða til, verði undirstaða rannsókna á handverki fyrir landið allt. Stefnt er að því að stofnuð verði Rannsóknarstofa handverks, með áherslu á útsaum, sem mun hafa aðsetur á Akureyri.

Umsækjandi: Jenný Lára Arnórsdóttir

Verkefni: Jólásaga

Upphæð styrks: 300.000 kr.

Leiksýning með söngvum fyrir börn. Verkið fjallar um litla einmana stúlku sem lendir óvænt inni í óþekktu ísveröld þegar hún er að sækja jóladót í skúrinn til að skreyta stofuna. Í ísheiminum kynnist hún einmana ísstrák. Saman töfra þau fram jólin, bæði með töfrum ísstráksins, og hennar mannlegu töfrum - dansi og söng. Eftir mikið ævintýri í ísheiminum, heimsókn frá íspursum, eyðileggingu á jóladóti, viðgerð og fleira kemst hún að lokum aftur heim til foreldra sinna og heldur jólin með þeim.

Umsækjandi: Jón Þorsteinn Reynisson

Verkefni: Piazzolla í 100 ár

Upphæð styrks: 600.000 kr.

Helga Kvam píanóleikari, Jón Þorsteinn Reynisson harmonikuleikari og Pétur Ingólfsson kontrabassaleikari flytja valin verk argentíska tangómeistarans Astor Piazzolla, sem hefði orðið 100 ára þann 11. mars 2021. Tónlist Piazzolla olli á sínum tíma straumhvörfum í tangótónlist og hefur verið kallaður hinn nýi tango, eða nuevo tango, og er einkar áhugaverð samsuða af tangó, djass og klassískri tónlist. Þríeykið mun halda tónleika á nokkrum stöðum á Norðurlandi eystra árið 2021.

Umsækjandi: Kaktus, menningarfélag

Verkefni: Kaktus Menningarfélag

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Kaktus er listhópur sem rekur eigið listrými á Akureyri. Tilgangur Kaktusar er að bjóða upp á fjölbreytta menningarstarfsemi úr hinum ýmsu listgreinum og styðja við grasrót lista og menningar á Akureyri. Frá því í apríl 2015 hefur Kaktus staðið að og hýst á þriðja hundrað listviðburða af fjölbreyttum toga. Listamenn víðsvegar af landinu og erlendis frá hafa haldið sýningar, tónleika og staðið fyrir margbreyttri listsköpun undir merkjum Kaktusar og ungir listamenn stigið þar sín fyrstu spor.

Umsækjandi: Kine Academy PT ehf.

Verkefni: Snjallhreyfilausnir

Upphæð styrks: 1.200.000 kr.

Fjar meðferð er opið vefkerfi sem hugsuð er sem stoðþjónusta við sjúkrahjálfa og aðrar heilbrigðisstéttir sem sinna stoðkerfisvandamálum (læknar, hnykkjarar og styrktarþjáfarar). Þjónustan býður upp á nýja leið til að meðhöndla skjólstæðinga en með aðstoð tækninnar er þeim gert kleift að halda myndfundi og útbúa og senda skjólstæðingum æfingaáætlanir sem þeir geta nálgast í snjallsíma og tölvu. Þjónustan opnar á möguleika fólks á því að sækja sér þjónustu sérfræðinga án tillits til staðsetningar.

Umsækjandi: Kristín Heimisdóttir

Verkefni: Jólábókin sem langar á leiksviðið

Upphæð styrks: 450.000 kr.

Verkefnið er leikritið "Sagan af því hvers vegna jólasveinarnir hættu að vera vondir", unnið upp úr samnefndri bók Kristínar Heimisdóttur, sem kom út árið 2019. Leikritið fjallar um þá atferlisbreytingu sem varð á hegðun íslensku jólasveinanna, þ.e. hvers vegna þeir hættu að haga sér illa og breyttust í gjafmilda gleðigjafa. Leikritið verður skrifað af Kristínu Heimisdóttur og Jól Sæmundssyni leikara. Tónlist verður samin af Haraldi Vigni Sveinbjörnssyni tónskáldi.

Umsækjandi: Kvenfélagið Baugur

Verkefni: Sumarsólstöður í Grímsey

Upphæð styrks: 200.000 kr.

Verkefnið felst í því að efna til samstarfs ólíkra aðila úr sem flestum áttum til að efla menningu og mannif við heimskautsbauginn. Listafólk, sjómenn og Grímseyingar á öllum aldri taka saman höndum við að draga fram sérkenni eyjunnar, einstakt mannlífið, sögu byggðarinnar og það sem helst laðar að erlenda sem innlenda gesti. Þannig verður til góður grunnur sem byggja má á menningartengda ferðaþjónustu við heimskautsbauginn.

Umsækjandi: Könnunarsögusafnið ehf.

Verkefni: Eurovision safn á Húsavík

Upphæð styrks: 1.300.000 kr.

Könnunarsafnið vinnur nú að því að koma upp tímabundnu Eurovisionsafni á Húsavík í kjölfar kvikmyndar Netflix þar sem staðurinn var í aðalhlutverki. Safnið mun samanstanda af sýningu um sögu Eurovision keppinnar og tveimur minni sýningum um Söngvakeppni RÚV og um kvikmynd Netflix. Þá mun safnið standa fyrir Eurovision hátíð í kring um opnun þess í maí 2021, til að efla enn frekar tengingu Húsavíkur við keppnina. Markmiðið er að auka áhuga fylgjenda keppinnar á heimsókn til Íslands.

Umsækjandi: Langanesbyggð

Verkefni: Röstin – Menningarstarf í beituskúrnum

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Röstin er tilraunakennd gestavinnustofa fyrir listamenn á Þórshöfn á Langanesi. Gestavinnustofan verður haldin í fjórða sinn í lok júlí 2021. 8-10 listamönnum úr öllum áttum er boðin þátttaka og fá þeir gistingu og vinnuaðstöðu sér að kostnaðarlausu.

Röstin er vettvangur fyrir fjölbreyttan hóp listamanna til að njóta andrýmis, vinna að listsköpun sinni, kynna öðrum listamönnum, samfélaginu á Langanesi og auðga bæjarlífið með upþákomum fyrir íbúa Langanesbyggðar.

Umsækjandi: Lindigarðar ehf.

Verkefni: Litla lífræna sveitabúðin

Upphæð styrks: 800.000 kr.

Við ætlum að byggja litla verslun á Ósi í Hörgársveit og bjóða upp á ferskt grænmeti til sölu milliliðalaust. Ásamt því að búa til vörur úr því sem til fellur sem annar flokkur grænmetis og minnka þannig matarsóun. Hér ætlum við einnig að bjóða öðrum bændum úr sveitinni að taka þátt í svokölluðum bændadögum og skapa þannig grundvöll fyrir þá til að selja sínar vörur.

Umsækjandi: Markaðsstofa Norðurlands

Verkefni: Markaðssókn með söfnum, setrum og sýningum á Norðurlandi

Upphæð styrks: 1.500.000 kr.

Svæðið býr yfir auðlindum í söfnum, setrum og sýningum. Með því að leggja áherslu á þennan málaflokk í markaðssetningu er til mikils að vinna. Markaðsstofan hefur unnið með sama hópi áður og úr þeirri vinnu kom fram vöntun á markaðsefni og markaðsaðgerðum sem nú er stefnt á að gera. Með því að leiða saman stóran hóp má búa til einstakar vörur og kynna þær á innlendum og erlendum markaði.

Umsækjandi: Markvert ehf.

Verkefni: Sjálfvirk verslun – undirbúningur og viðskiptaáætlun

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Í Svíþjóð hafa sjálfvirkar verslanir rutt sér til rúms einkum á jaðarsvæðum þar sem hefðbundnar verslanir bera sig ekki. Með því að kanna rekstrargrundvöll fyrir slíka verslun í Hrafnagilshverfi viljum við kanna hvort slík verslun gæti borið sig. Hún hefði þá sérstöðu að bjóða upp á afurðir úr sveitinni, handverk og fleira. Engin verslun er fyrir í Hrafnagilshverfi og staðsetningin því góð fyrir reynlsuverkefni og til þess fallið að auka þjónustustig án þess að koma niður á störfum í samfélaginu.

Umsækjandi: Matarstígur Helga magna, félagasamtök

Verkefni: Matarstígur Helga magna

Upphæð styrks: 2.000.000 kr.

Matarstígur Helga magna hefur þann tilgang að búa til mataráfangastað á heimsmælikvarða í Eyjafjarðarsveit og gera það með samvinnu matvælaframleiðenda, veitingaaðila og

STYRKÞEGAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRÁ 2021

ferðaþjónustunnar í Eyjafjarðarsveit. Einnig stuðla að auknum tekjum þátttakenda, aukinni fullvinnslu og markaðssetningu afurða úr Eyjafjarðarsveit.

Umsækjandi: Menningarfélag Akureyrar ses.

Verkefni: Barnabókmenntahátíð í Hofi

Upphæð styrks: 900.000 kr.

Barnabókmenntahátíðin í Menningarhúsinu Hofi býður ungu kynslóðinni á stefnumót við þekktu og verðlaunaða rithöfunda og myndhöfunda. Upplstur, vinnusmiðjur, gagnrýnin hugsun og spjall barna og rithöfunda. Í þeim sjónræna heimi sem börn alast upp í dag er mikilvægt að ýta undir ímyndunaraflíð og koma hugsunum í orð og mynd. Þannig fá börn og ungmenni m.a. tækifæri til að spegla samtímann og taka virkan þátt í samfélaginu. Þetta verður næring fyrir bókaorma og spennandi bragðefni fyrir tilraunaglöð börn.

Umsækjandi: Minjasafnið á Akureyri

Verkefni: Allar gáttir opnar

Upphæð styrks: 400.000 kr.

Í Davíðshúsi verður boðið upp á vettvang fyrir bókmenntir í viðeigandi umhverfi heimilis Davíðs Stefánssonar skáldsins frá Fagraskógi. Höfundar af svæðinu í bland við landsþekktu listamenn á sviði ljóðlistar, bókmennta og leiklistar er boðið að heimsækja Davíðshús, flytja eigið efni og segja frá hvernig þeirra sköpun fer fram. Sérstaklega verður leitast við að bjóða ungum skáldum á Norðausturlandi að stíga fram til að kynna sig og verk sín.

Umsækjandi: Minjasafnið á Akureyri

Verkefni: Lög unga fólksins, þá og nú

Upphæð styrks: 800.000 kr.

Á sýningunni Tónlistarbærinn Akureyri er tónlistarfólki úr fortíð og nútíð boðið upp á svið sýningarinnar. Tónlistarfólk sem tengist tónlistarsögu svæðisins síðustu áratugina verður boðið í sófaspjall um ferilinn. Þar verða dregnar fram skemmtilegar sögur, skreyttar með tóndæmum, ljósmyndum og jafnvel myndbrotum. Ungt tónlistarfólk stígur á svið og flytur eigin tónlist og gerir einnig eigin útgáfu af eldri norðlenskum lögum. Þannig tengjast saman nútíð og fortíð.

Umsækjandi: Músík í Mývatnssveit, félag

Verkefni: Músík í Mývatnssveit

Upphæð styrks: 600.000 kr.

"Músík í Mývatnssveit" er árleg tónlistarhátíð haldin á páskum. Boðið er upp á tvö tónleika, kammertónleika í félagsheimilinu Skjólbrekku á skírdag og kirkjutónleika með hátíðaryfirbragði á föstudaginn langa í Reykjahlíðarkirkju.

Umsækjandi: Myndlistarfélagið

Verkefni: Mjólkurbúðin – salur Myndlistarfélagsins

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Myndlistarfélagið er til húsa í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri. Þar stendur félagið fyrir sýningum á verkum félagsmanna og annarra allt árið um kring og tekur þar að auki þátt í öðrum listviðburðum og bæjarhátíðum. Með þessari miklu starfsemi í Listagilinu leggur félagið sitt af mörkum til að efla menningarlegan fjölbreytileika Akureyrarbæjar. Félagið er samstarfsvettvangur myndlistarmanna og málsvari þeirra. Félagið hefur á stefnu sinni að efla umræðu og fræðslu um myndlist á Akureyri.

Umsækjandi: Mývatnsstofa ehf.

Verkefni: Taste Mývatn – Matarstígur í Mývatnssveit

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Mývatnsstofa hefur tekið að sér að búa til matarstíg fyrir Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp. Ekki er komin endanlegt nafn á stígin en einkennisorð stígsins eru "Úr vatni á disk, úr haga í maga." Fjölbreytt matvælaframleiðsla er á þessu svæði en þá einna helst kjötframleiðsla á lambakjöti og nautakjöti og síðan reykt kjöt og silungur. Hverabakað rúgbrauð er líka afar vinsælt. Vakið verður athygli á þessum afurðum á heimasíðunni www.tastemyvatn.is og með bændamörkuðum og farandsmarkaði.

Umsækjandi: Norðurhjarí,ferðaþjónustusamtök

Verkefni: Norðausturvegur 85 – engin vandræði lengur!

Upphæð styrks: 300.000 kr.

Senn lýkur framkvæmdum við veginn um Langanesströnd og Brekknaheiði og verður þá allur norðausturvegur 85 lagður bundnu slitlagi. Það verður gríðarleg breyting fyrir ferðaþjónustu og mannlíf á norðausturhorninu þegar síðasta haftið á þessum 350 km vegi er horfið. Til að breytingin nýtist sem best þarf að vekja athygli á og kynna þessa nýju leið fyrir ferðaþjónustuaðilum bæði innanlands og utan, ásamt Íslendingum öllum. Ráðist verður í kynningarátak þar sem farnar verða ýmsar leiðir.

Umsækjandi: Norðurslóðanet Íslands

Verkefni: Stafræn sókn Norðausturlands í málefnum Norðurslóða

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Verkefnið miðar að því að skapa stafrænan vettvang fyrir vefstofur (veflægar málstofur), fyrirlestra, samtal og samráð um þau málefni sem snúa að afkomu fólks á Norðurslóðum og tilverugrundvelli; umhverfis- og auðlindamálum, byggðapróun og atvinnuuppbyggingu og öðrum samfélagslegum málefnum. Með því að tengja saman stofnanir, fyrirtæki, og sveitarfélög á Norðurausturlandi, og veita þeim aðgang að fyrirhuguðum samtalsvettvangi, er ætlunin að koma á fót lifandi vettvangi upplýsingamiðlunar.



Umsækjandi: Ocean Missions

Verkefni: Ocean Missions: Ábyrg framtíð

Upphæð styrks: 300.000 kr.

Ábyrg framtíð is an innovative community awakening project that aims to facilitate the understanding of natural ecosystems, bring awareness and engage the local people to make contributions for a more responsible future, with special focus on ocean conservation. This strategy is an initiative of Ocean Missions (OM) NGO, as part of its long-term plan to empower the communities to recognize the value of native natural landscapes and the need to gain environmental self-responsibility.

Umsækjandi: Phamarctica ehf.

Verkefni: Efling atvinnulífs í jaðarbyggðum

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Markmið verkefnisins er að byggja upp öfluga framleiðslueiningu fyrir snyrtivörur og efla þannig atvinnulíf á Grenivík og nágrenni. Horft er til þess að nýta markaðsmöguleika sem felast í hreinu íslensku vatni ásamt staðsetningu, menningu og sögu svæðisins.

Gerð verður þarfagreining á vélum og tækjabúnaði sem þarf til þess að veita fullnægjandi þjónustu fyrir núverandi og væntanlega nýja viðskiptavini. Í kjölfar þess þarf að kanna byggingarmöguleika og gera drög að viðbyggingu við húsnæði félagsins.

Umsækjandi: Samgönguminjasafnið Ystafelli

Verkefni: Samgönguminjasafnið Ystafelli

Upphæð styrks: 750.000 kr.

Samgönguminjasafnið Ystafelli er elsta bílasafn Íslands og hefur að skarta einu stærsta safni bifreiða á landinu. Þar er einnig að finna margar gerðir af öðrum farartækjum og líka er hægt að finna mikið af gömlum munum sem lýsa vel lífinu í landinu á liðinni öld."

Umsækjandi: Sean Michael Scully

Verkefni: INCITE: Icelandic bioplastic from hemp

Upphæð styrks: 1.280.000 kr.

University of Akureyri and Hemp Pack are working to produce bioplastics (polyhydroxybutyrate (PHB) polyhydroxyalkanoates (PHAs)) using locally grown industrial hemp and microorganisms isolated from Iceland's cold environments. The project aims to optimize large scale bioplastic production while developing green PHA extraction and processing techniques. The aim is to make custom bioplastics to meet specific needs while ensuring their biodegradability.



Umsækjandi: Sigríður Aðalsteinsdóttir

Verkefni: Tangótríóið - danstónleikar í 5 félagsheimilum á Norðurlandi

Upphæð styrks: 500.000 kr.

"Tangótríóið" leggur land undir fót og heldur 5 klassíska danstónleika í félagsheimilum á Norðurlandi á árinu 2021 og flytur seiðandi og sjóðheita tangótónlist fyrir gesti sem eru hvattir til að taka með sér dansskóna.

Umsækjandi: Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Verkefni: Orgelkrakkar

Upphæð styrks: 660.000 kr.

Orgelkrakkar er verkefni þar sem þátttakendur fá tækifæri til að setja saman lítið, sérsníðað orgel frá grunni og kynnast þannig uppbyggingu hljóðfærisins og hvernig hljómurinn í því myndast. Í lok hvernar stundar eru stuttir tónleikar og tónlistarævintýri flutt á litla orgelið ásamt sögumanni.

Umsækjandi: Sigurhæð ses.

Verkefni: Listviðburðir í Pálshúsi 2021

Upphæð styrks: 900.000 kr.

Eftir hina árlegu jólasýningu Pálshúss mun Skíðafélag Ólafsfirðinga opna sýningu um skíðasögu Ólafsfjarðar en sú saga er gríðarmerkileg. Í maí opnar myndlistarsýning Péturs Magnússonar og stendur sú sýning fram í lok júní en þá opnar sýning með verkum Huldu Hákonar. Á berjadögum verður síðan opnuð sýning á verkum Helgu Pálínu Brynjólfsdóttur. Í september verður myndlistarnámskeið Sigtryggs Baldvinssonar en hann er Ólafsfirðingum góðu kunnur en hann sýndi verk sín í Pálshúsi síðasta sumar.

Umsækjandi: Skjálftafélagið-félag áhugafólks um jarðskjálftasetur á Kópaskeri

Verkefni: Skjálftasetrið á Kópaskeri

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Viðfangsefni Skjálftasetursins er Kópaskersskjálftinn sem varð í janúar 1976 sem og jarðfræðin á svæðinu. Áhersla er lögð á frásagnir heimamanna sem upplifðu skjálftann ásamt því að fjalla um jarðfræðina sem er undirrót skjálftavirkni á svæðinu. Endurhönnun og nútímavæðing Skjálftasetursins kallar á endurskilgreiningu markmiða verkefnis þar sem áhersla er á aukna breidd í nýtingu húss og viðfangsefnis sýningar.

Umsækjandi: Skógræktin

Verkefni: Uppbygging rannsóknnaðstöðu á Vöglum í Fnjóskadal

Upphæð styrks: 2.000.000 kr.

Á Vöglum í Fnjóskadal hefur verið starfstöð skógarvarðar síðan 1908. Þar fer fram úrvinnsla skógaráðfurða, fræframleiðsla og kynbætur á mikilvægu erfðaeftni fyrir skógrækt. Stefnt er að uppbyggingu fullkominnar ræktunaraðstöðu til rannsókna sem eykur möguleika á



STYRKÞEGAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRÁ 2021

fjölþættum rannsóknum á breiðara sviði í grænni líftækni og plöntumeinafræði. Samstarf er um verkefnið við Háskólann á Akureyri og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Umsækjandi: Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Verkefni: 4 x 4

Upphæð styrks: 600.000 kr.

Fransk-Akureyrski barokkhópurinn Corpo di Strumenti býður til óvenjulegrar tónaveislu. Þar verður stefnt saman Miðaldatónsmíðum Guillaumes Machaut, madrigölum Monteverdis, útsetningum laga Hauks Morthens og nýjum tónsmíðum Steinunnar Arnbjargar Stefánsdóttur, forsprakka hópsins. Tónleikaferð verður farin til Þórshafnar, Raufarhafnar, Dalvíkur og Akureyrar.

Umsækjandi: Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Verkefni: Tólf tóna kortérið

Upphæð styrks: 300.000 kr.

Framsækin tónlist 20. og 21. aldarinnar hljómar á Listasafni Akureyrar á fernum kortérslöngum tónleikum. Flytjendur verða tónlistarmenn búsettir á Norðurlandi eystra. Hér gefst tækifæri til að heyra afstrakt perlur tónlistarinnar, innan um framsækna myndlist nútíðar og liðinnar tíðar. Frumfluttar verða a.m.k. tvær nýjar tónsmíðar á tónleikaröðinni.

Umsækjandi: Súlu Vertical félagasamtök

Verkefni: Súlu Vertical

Upphæð styrks: 700.000 kr.

Fjallahlaupið Súlu Vertical fer fram í Glerárdal og nærliggjandi svæðum. Hlaupið er alþjóðlegt og gefur ITRA hlaupapunkta. 2020 var í fyrsta sinn boðið uppá ULTRA vegalengd þ.e. 55 km til viðbótar við 18km og 28km sem var í boði frá árinu 2016. Árið 2021 er stefnan sett á að halda einnig fjallaskíðamót í nafni Súlu Vertical. Með því móti næst að nýta markaðsefni og efla vörumerkið enn frekar og styrkja grunn Súlu Vertical sem viðburðarhaldara útivistarviðburða.

Umsækjandi: Svalbarðsstrandarhreppur

Verkefni: Tímahylkið

Upphæð styrks: 200.000 kr.

Að lifa á sögulegum tímum - hvað þýðir það? Nemendur og starfsmenn Valsárskóla ætla að safna minningum um þessa óvenjulegu tíma sem við lifum á tímum COVID. Frásagnir, orðsendingar til framtíðar, munir og listaverk nemenda rata í tímahylki sem geymt verður fyrir framtíðina. Valin verk og munir rata í tímahylkið eftir að hafa verið á sýningu nemenda í Safnasafninu og vonandi eiga nemendur dagsins í dag eftir að opna hylkið með sínum börnum, rifja upp og halda utan um söguna.

Umsækjandi: Svartárkotsbúið ehf

Verkefni: Hráverkað af hálendinu

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Löng hefð er fyrir neyslu á þurrkuðu svínakjöti (Jamon) í mið Evrópu en lítið hefur verið um framleiðslu þess héraendis. Héraendis er hins vegar löng hefð fyrir neyslu á reyktu kjöti en lítil áhersla á fullþurrkun.

Verkefnið "Hráverkað af hálendinu" er að þróa fullþurrkun á reyktu og nýju kjöti við íslenskar aðstæður og framleiða í kjölfarið á því gæðavörur úr ærkjöti sem í dag er verðlítill vara. afurðirnar verður hægt er að bjóða upp á sem barsnakk, í forrétti, samlokur, smárétti og fleira.

Umsækjandi: Sögumiðlun ehf

Verkefni: Þórir Baldvinsson arkitekt

Upphæð styrks: 550.000 kr.

Þórir Grani Baldvinsson fæddist 20. nóvember 1901 á Granastöðum í Kaldakinn í Þingeyjarsýslu og lést 3. október 1986. Þórir var í senn framúrstefnumaður í arkitektúr og hugsjónamaður í baráttu fyrir bættum húsakosti til sveita. Hið íslenska bókmenntafélag og Sögumiðlun eru að vinna að bók um Þóri sem gefin verður út 2021, þegar 120 ár verða liðin frá fæðingu Þóris. Í tengslum við útgáfuna er ætlunin að halda málþing og setja upp sýningu um Þóri í Héraðsskjalasafni Þingeyinga í nóvember 2021.

Umsækjandi: Tónlistarfélag Akureyrar

Verkefni: Sögur draugsins Tibri - skólatónleikar fyrir 4 kr.6. bekk

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Tónlistarfélag Akureyrar býður öllum grunnskólabörnum í 4 kr.6. bekk á Norðurlandi til sannkallaðrar hryllilegrar veislu þar sem draugurinn Tibri fer með þeim á vit löngu látinna tónskálda og kynnir þau fyrir tónlist þeirra. Blásarakvintettinn Norðaustan leikur. Söngkona, sem syngur aríu Næturdrottningarinnar úr Töfraflautu Mozarts ásamt fleiru, og sögumaður leiða þessa ógleymanlegu stund sem er í senn ógnvekjandi en einnig ótrúlega fyndin og skemmtileg.

Umsækjandi: Tónlistarskóli Húsavíkur

Verkefni: Af hjartans list

Upphæð styrks: 740.000 kr.

Verkefnið er skapandi tónlistarkverkefni fyrir nemendur í Grunnskóla Raufarhafnar og Öxarfjarðarskóla í samstarfi við félög og stofnanir í Norðurþingi. Allir nemendur grunnskólanna, frá 1. - 10. bekkjar geta verið þátttakendur í verkefninu því hlutverkin eru mörg og margvísleg, s.s. einsöngur, samsöngur, dans, hljóðfæraleikur, kynning, hljóðblöndun, leiklist, búningar, sviðsmynd, ljóshönnun og stýring, markaðssetning og fleira.

Umsækjandi: Tónlistarskóli Húsavíkur

Verkefni: Í stuði saman

Upphæð styrks: 400.000 kr.

Í stuði saman er röð vinnustofa þar sem ungir tónlistarnemendur fá tækifæri til að spila í hljómsveit með reyndum hljóðfæraleikurum, undir handleiðslu Tónasmiðjunnar sem hefur allan aðbúnað sem heyrir til hljómsveitarsamspils, hljóðblöndunar og upptöku. Markmið verkefnisins er að koma saman ungmennum sem eru að læra á hljóðfæri eða söng, búa til hljómsveitir, efla samvinnu þeirra og með þessu gefa þeim tækifæri til að sýna sig, sanna og flytja tónlist í hópi annarra ungmenna.

Umsækjandi: Unnur María Máney Bergsveinsdóttir

Verkefni: Gerðu þinn eigin húllahring með Húlladúllunni!

Upphæð styrks: 300.000 kr.

Húlladúllan býður börnum og fjölskyldum þeirra á Norðurlandi eystra skemmtilegar smiðjur þar sem þátttakendur fá að sjá Húlladúlluna leika listir sínar, gera sinn eigin húllahring undir leiðsögn Húlladúllunnar og læra svo sjálf að húlla. Smiðjurnar henta fólki á öllum aldri en mælst er til að ung börn komi í fylgd með eldri manneskju sem getur hjálpað litlum fingrum við húllahringjagerðina. Þátttakendur fá hringina sem þau gera til eignar og er að ræða gæðahringi með mikla endingu.

Umsækjandi: Útgerðarminjasafnið á Grenivík ses

Verkefni: Rekstur safns og viðhald muna

Upphæð styrks: 500.000 kr.

Útgerðarminjasafnið á Grenivík hefur jafnt og þétt verið að festa sig í sessi sem viðkomustaður gesta sem sækja staðinn heim. Opið er hálfan daginn þrjá mánuði á ári og sinna ungmenni á Grenivík safngæslu. Frítt er inn á safnið.

Styrkurinn er ætlaður til rekstrar safnsins 2021 og til að klára uppgerð á bátnum Hermanni. Markmiðið er að klára hana í vetur og að báturinn verði kominn í sparifötin næsta vor og í heiðurssessi á 100 ára afmæli bæði húss og sínu eigin.

Umsækjandi: Verksmiðjan á Hjalteyri

Verkefni: Verksmiðjan á Hjalteyri Dagskrá 2021

Upphæð styrks: 3.400.000 kr.

Verksmiðjan stendur fyrir lifandi listastarfsemi með þá sérstöðu að vera hvort tveggja í senn verkefnarými, þar sem að listin verður til, en er um leið áhugaverður sýningarstaður. Hún gerir listafólki kleift að bæði framleiða og sýna verk í skapandi rými um leið og hún færir líf í einstaka byggingu. Listin er flutt úr stað af hinum hefðbundna sýningarstað, út í náttúruna og inn í óvenjulegt hús. Það má segja að þarna renni saman: listin, öðruvísi arkitektúr, saga, samfélag og fallett umhverfi.

Umsækjandi: Verkval ehf.

Verkefni: Hreinsistöð Akureyrar- hreinsun sands og fitu
Upphæð styrks: 2.000.000 kr.

Draumurinn um Hreinsistöð er ekki nýr og hefur verið unnið að henni undir merkjum Verkvals ehf í 3-4 ár. Markmið hreinsistöðvar væri að hreinsa vatn frá olíu, fitu og sandi sem dregur magnið saman um 70-80% en úrganginn þarf að flytja langar vegalengdir til úrvinnslu. Jafnframt hefur hluti farið í frárennsliskerfin en nú á að stoppa slíkan umhverfissóðaskap. Þessi þjónusta yrði nýmæli á svæðinu en samfélagslega mjög mikilvæg.

Til skoðunar er að færa hreinsistöðina inn í sér fyrirtæki.

Umsækjandi: Vistorka ehf.

Verkefni: Olía utan samgangna og fiskveiða á NA-landi
Upphæð styrks: 450.000 kr.

Olía er á útleið í samgöngum. Enn eru til staðir sem annaðhvort vegna landfræðilegra eða tæknilegra aðstæðna treysta alfarið á olíu sem grunn afl í sína starfsemi. Með þessu verkefni er verið að bera kennsl á þessa staði og teikna upp og skilgreina fjárfestingaverkefni á starfssvæði SSNE sem stuðla að minni olíunotkun og losun CO₂ og koma þeim á kortið í þeirri vegferð sem hið opinbera mun feta næstu áratugi í samræmi við skýr umhverfismarkmið sín.

Umsækjandi: Ytra-Lón ehf

Verkefni: Heilsudvöl á Langanesi / Ytra Lón Farm & Retreat
Upphæð styrks: 500.000 kr.

Ferðapjónustan á Ytra Lóni er ekki í alfaraleið þar sem hún er starfrækt á miðju Langanesi, nánast á endastöð fastrar búsetu. Eigendur Ytra Lóns eru nú í þróunarverkefni sem miðar að því að byggja á staðsetningunni sem styrkleika fremur en veikleika með því að hvetja gesti til lengri dvalar. Ennþá meiri áhersla verður lögð í kyrrðina, nálægð við náttúruna og tengslin við dýrin. Boðið verður upp á jóga, hugleiðslu, orkuheilun, ráðgjöf og fræðslu.

Umsækjandi: Þekkingarnet Þingeyinga

Verkefni: Hnossgæti að heiman
Upphæð styrks: 500.000 kr.

Verkefnið Hnossgæti að heiman er til tveggja ára og verður gjörbylting í framboði á fræðslu fyrir matvælaframleiðendur á svæðinu. Það felst í stórauðslu, markvissu námsframboði og styður við verkunnáttu, þekkingu, sköpun og atvinnu þátttakenda. Námið verður um allt frá fyrstu handtökum við þróun vöru til handleiðslu í stafrænni markaðssetningu.

Framleiðendur sitja vinnustofur að eigin vali sem fer eftir stöðu hvers og eins og því hráefni sem unnið er með.





Umsækjandi: Þjóðlagahátíð á Siglufirði

Verkefni: Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 7 kr.11. júlí 2021

Upphæð styrks: 1.000.000 kr.

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði er alþjóðleg tónlistarhátíð sem haldin hefur verið frá árinu 2000. Á hátíðinni koma fram tónlistarmenn frá Norðurlöndunum, Eystrasaltlöndunum, Þýskalandi, Englandi og Grikklandi. Á hátíðinni verður að þessu sinni lögð áhersla á fornar tungur og forna tónlist. Sungið verður á sjaldheyrðum tungum á borð við ladino (tungu Jesú Krists), forngrísku, litháísku og forn íslensku. Þá verða á hátíðinni námskeið í þjóðlögum og þjóðdönsum auk alþjóðlegrar þjóðlagaakademíu.

Umsækjandi: Þorgrímur Jóel Þórðarson

Verkefni: Landeldi á ostrum

Upphæð styrks: 1.200.000 kr.

Víkurskel stendur fyrir tilraunaræktun á ostrum á Húsavík auk ræktunar á þörungum sem nýttir eru í fæðu fyrir ostruna. Verkefnið varir í 6 mánuði og tilgangurinn er að kanna fýsileika þess að færa eldið, sem áður var í sjó, upp á land. Við ræktunina er notast við þörunga úr sjónum við norðurströnd Íslands sem Háskólinn á Akureyri hefur rannsakað og talið er að henti vel sem fæða til ræktunar sjávardýra, s.s. ostru.

Umsækjandi: Þórhildur Örvarsdóttir

Verkefni: Hulda skáldkona - hlaðvarp og tónleikar í tali og tónum

Upphæð styrks: 400.000 kr.

Hulda skáldkona - hlaðvarp í tali og tónum. Rakin er saga og ferill Unnar Benediktsdóttur Bjarklind og haldnir tónleikar á 140 ára afmælishátíð. Hún var fyrst íslenskra kvenna til að fá gefna út ljóðabók með eigin verkum og skrifaði undir listamannsnafninu Hulda. Hún var gríðarvinsæl og mikill brautryðjandi fyrir aðrar konur sem síðar áttu eftir að feta sig inn á veg lista og menningar. Í dag eru ljóðabækur hennar ófánlegar en ljóðin lifa enn með þjóðinni, ekki síst í gegnum tónlist.

